SÓSÍALISTAFLOKKUR ÍSLANDS

# Fundargerð

Fundur framkvæmdastjórnar Sósíalistaflokks Íslands mánudaginn 20. janúar 2020 í Hlutverkasetri, Borgartúni 1, kl. 19:00.

Mætt voru: Arna Þórdís Árnadóttir, Védís Guðjónsdóttir, Sigrún E. Unnsteinsdóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Gunnar Smári Egilsson, Viggó K. Jóhannsson, Laufey Ólafsdóttir og Sigrún Birna Kristjánsdóttir sem var gestur fundarins. Katrín Baldursdóttir var með gegnum fjarfundabúnað.

Viggó K. Jóhannsson ritaði fundargerð. Fundarefni, umræður og samþykktir voru sem hér segir:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðin hefur ekki verið samþykkt.

2. Stjórnarfólk kynnir sig

3. Vetrarfundur yfirferð, árangur

Almenn ánægja var með fundarstjórn og mætingu. Hugmynd um að hafa móttttökunefnd á stærri fundum. Það skiptir máli að tala við þá sem eru að mæta á fund í fyrsta sinn. Talað um að þegar tveir fundarstjórar eru gæti annar einnig komið á framfæri spurningum frá fólki sem fylgist með á netinu.

4. Verkefni framkvæmdastjórnar fram að Sósíalistaþingi

Fyrirhugað er að þingið verði haldið í kringum 1. maí. Málefnanefndum sem mætti líka kalla skuggaráðuneyti verði komið í gang.

5. Hagsmunahópar, fyrri hluti: Verkó, Ungir, SF

Stefnt skal að því að félsgsskapur ungra sósíalista o.fl. hagsmunahópar verði komnir í gang fyrir þingið.

6. Fjölgun félaga úthringikvöld, undirskráningar

Stefnt verður að því að setja á fót úthringiver til að fjölga félögum. Þurfum fleiri félaga til að fá fleiri virka félaga, ekki síst á landsbyggðinni.

7. Leigjendasamtökin og önnur hagsmunabarátta

8. Maístjarnan

Ganga þarf frá formlegri stofnun Maístjörnunnar.

9. Fjármál (afturköllun greiðsluseðla, sjóður fram til 1. maí)

Gjaldkeri athugar hvenær greiðsluseðlarnir ógildast og hversu margir hafa greitt.

10. Önnur mál

Engin önnur mál.